

Sérnámsmappa

Í sérnámsmöppu skal safna saman eftirfarandi:

- Matblöðum eftir vikulega nótna/tilfella fundi
- Matsblöðum eftir myndbandsgátun
- Matsblöðum eftir vikulega fræðslufundi á stöðinni
- Matsblöðum eftir fyrirlestra í hópakennslunni
- Öðrum matsblöðum t.d. „observations-mati“ í aðgerðum o.s.frv.
- Matsblöðum frá sjúkrahúsdeildum
- Matsblöðum frá öðrum en mentor þ.e. öðrum læknum og starfsfólki stöðvarinnar (360 gr. mat sem gert árlega)
- Árlegu framgangsmati mentors (sem sent kennslustjóra)
- Fundargerð eftir árlegan fund með kennslustjóra.
- Fundargerð eftir fundi framgangsnefndar
- Yfirlit yfir námskeið og fundi sem sérnámslæknir hefur sótt
- Annað sem máli kann að skipta

Sérnámslæknir er ábyrgur fyrir innihaldi sérnámsmöppu og verður að tryggja að matsblöð séu fyllt út eftir tíma á hverri sjúkrahúsdeild sem og eftir nótnafundi/tilfella fundi, myndbandsgátun, fræðslufundi o.s.frv.

Mentor sér um að geyma sérnámsmöppu á meðan á námi stendur en þegar námi líkur er hún eign sérnámslæknis.

Sérnámslæknir mætir með sérnámsmöppu til kennslustjóra í árlegt viðtal.

Inntöku- og framgangsnefnd gerir s.k. framgangsmat að jafnaði 3x á námstíma þ.e. eftir u.þ.b. 1.5 ár, 3 ár og 4.5 -5 ár og styðst við upplýsingar í sérnámsmöppu ásamt upplýsingum frá kennslustjóra og mentor. Framgangsmat er ekki hægt að gera nema fyrir liggji upplýsingar í sérnámsmöppu.